

um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

### 1. gr.

Á eftir II. kafla laganna komi nýr kafli, 18.—23. gr. (og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því):

### III. Um merkingu gatna og húsa.

- a. (18. gr.) Í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum, sem eru skipulagsskyld samkv. lögum þessum, er skylt að merkja greinilega götur allar og vegi. Skulu skilti með greinilega áletruðum nöfnum viðkomandi gatna og vega fest upp á öllum gatna- og vegamótum.
- b. (19. gr.) Á sömu stöðum og tilgreindir eru í næstu grein á undan er skylt að auðkenna öll hús, sem standa við skipulagðar götur eða vegi, með númerum, og skal númeratölunum þann veg fyrir komið, að þær verði auðveldlega lesnar utan frá götu- eða vegbrúninni.

Ef hús standa fjær götu eða vegi en 10 metra eða ef trjágróður eða annað skyggir á húsið, skal húsnúmerinu komið fyrir á inngönguhliði að lóð hússins.

Hús, sem standa það óreglulega, að ekki þykir fært að taka þau í númeraröð neinnar götu, skulu auðkennd með nafnheitum, og skal skilti með heiti viðkomandi húss komið fyrir með sama hætti og áður segir um númer húsa.

- c. (20. gr.) Við ákvörðun um númeraröð húsa skal fylgja þeirri reglu, eftir því sem við verður komið, að hús til hægri handar við götu — þegar stefnt er frá miðbiki bæjar — sé tölusett með jöfnum tölum, þ. e. 2, 4 o. s. frv., en húsin til vinstri handar tölusett með oddatölunum. Við götur, sem liggja þvert á aðalgötu, skal beita sömu reglu, miðað við stefnu frá aðalgötu til útjaðars.

Ef hús eru sambyggð, skal vera númer fyrir hverjar götudyr.

Ekki má auðkenna hús með bókstaf — auk raðtölnunnar — nema því aðeins að húsið sé bakhús, sem stendur ekki í neinni reglulegri húsalínu, eða sambygging, sem snýr stafni að götunni.

- d. (21. gr.) Þar sem húsnúmeri er komið fyrir á húsinu sjálfu, skal hagað svo til, að lýsa megi númerið upp með útiljósi frá húsinu, og er skylt að láta útiljósið loga lögboðinn ljósátíma ökutækja.
- e. (22. gr.) Bæjarstjórnnum og hreppsnefndum ber að sjá um framkvæmd þeirra fyrirmæla, sem felast í þessum kafla.

Bæjarsjóður (hreppssjóður) ber kostnað, sem leiðir af merkingu gatna og vega. Húseigendur greiða kostnað við merkingu húsa sinna.

- f. (23. gr.) Ef gera þarf breytingar á þinglesnum samningum eða skuldbindingum, vegna þess að númer húsa breytist við framkvæmd þessara laga, skulu hinir nýju samningar undanþegnir stimpilgjaldi.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en bæjarstjórnir (hreppsnefndir) skulu hafa frest til 30. sept. 1953 til þess að koma fyrirmælum þeirra til framkvæmda.

### Greinargerð.

Í starfi mínu sem leigubifreiðarstjóri hef ég alveg sérstaklega komizt í kynni við þau óþægindi og þá erfiðleika, sem stafa af því, að götur og hús eru stundum ómerkt með öllu, en í ýmsum öðrum tilfellum ógreinilega og ruglingslega. Veldur þetta oft óþörfum akstri leigubifreiða og töfum, sem geta verið bagalegar fyrir þá, sem panta bifreið í því skyni að komast á ákvörðunarstað innan tiltekins tíma.

Ég tel þess vegna nauðsyn hera til, að lögfest séu fyrirmæli um glöggar merkingar á götum og húsum í þéttbýli, og tel eðlilegast, að fyrirmælin nái til allra þeirra staða, sem eru skipulagsskyldir að lögum.

Í frv. er mælt fyrir um meginreglu um röð húsnúmera, og er þar farið eftir því, sem mér virðist vera höfuðreglan hér í Reykjavík. Að sjálfsögðu koma fyrir afbrigði, sem ekki verða færð undir þessa reglu. En ég tel þó sjálfsagt að hafa regluna og mikinn kost að samræma þetta, svo sem verða má, á öllum þeim stöðum, sem lögin ná til.

Þá eru í frv. fyrirmæli um, að lýsa skuli húsnúmerin upp að næturlagi. — Ef til vill þykir þetta óþarfa kvöð á húseigendur og aðra íbúa húsanna. En ég vil benda á, að ef yfirleitt er nauðsynlegt að merkja húsin — og það vænti ég, að flestir fallist á — þá er engu minni, heldur þvert á móti öllu meiri nauðsyn, að þær merkingar sjáist að nóttu en degi. En svo verður ekki, ef næturmyrkrið fær að hylja húsnúmerið, oft mikinn meiri hluta sólarhringsins.

Fyrirmælin um skiptingu kostnaðar og framkvæmdaatriðin tel ég ekki þörf á að skýra sérstaklega.